Jón Jónsson bóndi og oddviti Holti Stokkseyrarhreppi var fæddur 13.sept.1849 Jórvík Sandvíkurhreppi og dó 9.mai 1939 að Holti,fjórum mánuðum miður en níræður.Hann var fóstraður í föðurgarði við kröpp kjör á marga lund.Foreldrar hans bjuggu við mikla fátækt.Varð Jón því að vinna allt,sem fyrir kom eftir því sem aldur og þrek leyfði bæði á sjó og landi.Stundaði sjómennsku á vetrarvertíð á Stokkseyri frá 13 ára til 75 ára aldurs.Formaður 30 vertíðir. Hneigðist mjög til sjómennsku og sótti sjóinn af miklu kappi,enda fengsæll löngum.Talinn meiri sjomaður en bóndi.

Jón var um langt skeið aðstoðarmaður á lestum við Lefolliiverzlun á Eyrarbakka,"afhendari"(eins það var kallað) hjá Kristjáni Jóhannessyni.Þó að hann væri þannig löngum fjarverandi frá heimili sínu,þá stundaði hann búskapinn af kappi og forsjá,þegar hann var heima.En í fjarveru hans stjórnaði Ingibjörg húsfreyja búinu með fulltingi Þórðar,bróður síns,svo að eigi varð á betra kosið,enda var hún stjórnsöm búkona og skörungur mikill.Búið í Holti var stórt og gagnsamt,eitt stærsta bú þar í hreppi á þeim tíma,enda græddist þeim vel fé og stóð hagur þeirra jafnan með blóma .

Jón í Holti gengdi ýmsum trúnaðarstörfum.Hreppsnefndarmaður um langt skeið,fyrst í síðustu hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hins forna og síðan í fyrstu hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hins nýja og oddviti hennar 18 ár .Bauð sig fram til þings eftir aldamót en náði ekki kosningu.

Jón Jónsson bóndi Holti var tæpur meðalmaður á hæð,þrekinn og vel limaður .Höfuðstór,enni mikið,breiðleitur,þykkleitur og fullur að vöngum.Augun blá og mild.Eigi mátt hann fríðan kalla í andliti en svipurinn var hreinn og heiður og ljúfmannlegur.Prúður og hverjum manni geðþekkur.Hann var skapstillingarmaður mikill og svo orðvarr að fáa getur slíka.Hógværð og ljúfmennska var honum í blóð borin.Athugull, skír og greindur í bezta lagi.Allir þeir,sem þekktu hann gjörla,munu ljúka upp einum munni um mannkosti hans og drengskap.Á þann orðstírr mun aldrei falla í hugum þeirra,sem voru honum nákomnir og handgengnir.

Björn Sigurbjarnarson sandi

Okt. 1451